


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>ÍSLE2HS05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir, Rannveig Karlsdóttir og Sigríður Albertsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE, RAN, SAL
----------------	---	---------------	---------------

## Ritun og málnotkun

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er unnið með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Auk þess verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðarsmíð. Fjallað verður um mismunandi birtingarform texta eftir miðlum og skrifaðar ólíkar gerðir ritsmíða, m.a. heimilda- og rökfærsluritgerðir þar sem nemendur hafa ákveðið val um viðfangsefni. Unnið með grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Nemendur vinna og kynna munnlega eigin verkefni, hver fyrir sig og/eða með öðrum. Áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- helstu hugtökum í ritgerðarsmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu rökfærsluritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rita rökfærsluritgerðir sem krefjast gagnrýnnar hugsunar
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og flétta efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- flytja munnlega efni af ýmsu tagi og ræða eigin niðurstöður og annarra með málefnalegum hætti
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði
- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>ÍSLE2HS05</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>

### Námsgögn:

*Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. Nota þarf 10. útgáfu frá 2010 eða síðar. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

*Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla.* Höfundar eru Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson. Útgefandi er Mál og menning.

*ÍSLE2HS05: Les- og vinnuhefti.* Fæst á skrifstofu skólans

Ýmsir pistlar og smásögur á Moodle og annað efni frá kennurum.

**Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: frumlag**

### Áætlun um yfirferð:

**I. lota: 19. ágúst – 11. okt. 2019**


**Orð eru til alls fyrst**

**Íslenska eitt og Les- og vinnuhefti:** Fyrri lota annarinnar er helguð málfræði og stafsetningu. Farið verður yfir orðflokkan og merkingarleg, beygingarleg og setningarleg einkenni þeirra, staða þeirra í setningum skoðuð og, í framhaldi af því, ólík setningarhlutverk. Fjallað verður um uppbyggingu málsgreina, orðaröð og skiptingu setninga í aðal- og aukasetningar. Loks verður farið í helstu stafsetningarreglur og greinarmerkjasetningu og unnin verkefni sem tengjast orðtökum og málsháttum. Ýmis æfingaverkefni verða unnin í kennslustundum, auk þess sem nemendur taka reglulega Moodle-próf úr efninu. Annað námsmat eru krossapróf á Moodle úr ýmsum textum og miðannarpróf sem lagt verður fyrir í 40-41. viku.

**II. lota: 14. okt. – 5. des. 2019**

**Allir hafa nokkuð til síns máls**

**Íslenska eitt og Les- og vinnuhefti:** Áfram verður unnið með efni fyrri lotu. Bygging ritgerða verður rifjuð upp og fjallað um meðferð og skráningu heimilda. Unnið verður lítið tímaverkefni þar sem ólíkar heimildir eru settar upp í heimildaskrá. Nemendur geta valið milli þess að vinna verkefnið hver fyrir sig eða tveir saman. Þá skrifa nemendur rökfærsluritgerð um tiltekið efni og nýta heimildir máli sínu til stuðnings. Lögð er áhersla á góðan undirbúning ritgerðarskrifa; gerður hugmyndalisti, hugmyndakort og efnisgrind sem sýnir uppbyggingu ritgerðar. Þessum gögnum skal skila með uppkasti ritgerðarinnar. Kennari fer yfir uppkastið og **nemendur lagfæra ritgerðina m.t.t. athugasemda og skila aftur til þess að fá einkunn fyrir hana. Lagfæri nemandi ekki ritgerðina dregst einn heill frá lokaeinkunn. Nemandi sem ekki skilar ritgerðinni fyrirgerir rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn.** Annað námsmat eru Moodle-próf, sjá fyrri lotu. Önninni lýkur á 45% lokaprófi þar sem

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>ÍSLE2HS05</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

reynir á alla námsþætti annarinnar.

### Námsmat og vægi námsþátta:


Neðangreind verkefni eru einstaklingsverkefni nema annað sé tekið fram.


<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lesskilningur	Krossapróf á Moodle úr pistlum, fréttum og smásögum. Í allt 12 próf og 10 bestu gilda til lokaeinkunnar.	10%	
Málfræði og stafsetning	Moodle-próf úr orðflokkgreiningu, setningafræði og stafsetningu. Í allt 12 próf og 10 bestu gilda til lokaeinkunnar.	10%	
Miðannarpróf	Skriflegt próf, tekið í kennslustund, úr efni fyrri hluta annarinnar.	10%	
Tímaverkefni	Heimildaskráning – Nemendur geta valið á milli þess að vinna hver fyrir sig eða tveir saman.	5%	
Ritgerð	Rökfærsluritgerð með heimildum. <b>Ritgerðinni þarf að skila tvisvar til þess að hún reiknist inn í lokaeinkunn.</b>	20%	
Próf	Lokapróf	45%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<p><b>Annað:</b> Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum. <b>Skili nemandi hins vegar ekki rökfærsluritgerð með heimildum fyrirgerir hann rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn. Nemandi, sem ekki mætir í lokapróf, telst jafnframt fallinn. Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.</b></p>			

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gilda ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 6/9 2019  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagsj. eða staðgengils